

Mennta- og menningarmálaráðherra,
Katrín Jakobsdóttir,
Sölvhólsgötu 4,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 16. febrúar 2012

Efni: Krafa um mat og íhlutun ráðherra á grundvelli laga

Samkvæmt umboðum frá foreldrafélögum Hamraskóla og Húsaskóla og fyrir hönd óánægðra foreldra barna í Hamra- og Húsaskóla fara undirritaðir aðilar hér með fram á það við ráðherra að gerð verði formlegt mat á því hvort fyrirhuguð sameining unglingadeilda Hamraskóla og Húsaskóla við unglingadeild Foldaskóla sé í samræmi við lög nr. 91/2008 ("grunnskólalög"), meginreglur stjórnarsýsluréttar sbr. ákvæði laga nr. 37/1993 ("stjórnarsýslulög") og góða stjórnarsýsluhætti, sbr. m.a. bréf ráðuneytisins til borgarstjóra þann 28. mars 2011 ("borgarstjórabréfið") og leiðbeiningar ríkisendurskoðunar frá 19. mars 2010.

Þá er farið fram á að ráðherra hlutist til um að sameiningin verði ekki keyrð í gegnum stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar án ítarlegs og faglegs undirbúnings.

I. Ástæður fyrir kröfu um úttekt ráðherra

Meðfylgjandi er samantektir fulltrúa foreldra í Hamra- og Húsaskóla um nauðsyn þess að stöðva framgang sameiningarinnar þar sem fyrir henni skorti bæði fjárhagsleg og fagleg rök.

Þegar sameiningin var fyrst kynnt íbúum Hamra-, Folda- og Húsahverfis á fundi í Rimaskóla í mars 2011 þá kom skýrt fram að ástæða hennar byggðist að mestu leyti á fjárhagslegum grundvelli (sbr. ítarlega fundargerð sem íbúar tóku niður). Borgarfulltrúar fullyrtu að um mikla fjárhagslega hagsmuni væri að ræða á viðsjárverðum krepputímum. Síðar kom í ljós (á kynningarfundum í Foldaskóla í desember 2011) að líklega væri sparnaður af þessum aðgerðum óverulegur, en á sama tíma var tekið fram að rökin fyrir sameiningunni væru nánast eingöngu fagleg.

Þegar það liggur fyrir að óverulegur sparnaður hljóttist af sameiningu, þá hefur það tvær meginafleiðingar. Í fyrsta lagi er þá líklegt, í ljósi fyrri stjórnarsýslureynslu, að sparnaður

verður hugsanlega enginn eða jafnvel neikvæður. Í öðru lagi hefur það í för með sér að rök sem byggja á faglegum sjónarmiðum fá aukið vægi. Því þurfa hin faglegu rök að vera það veigamikil að þau réttlæti svo viðamiklar og áhættusamar aðgerðir sem spara litla og hugsanlega enga fjármuni. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir og athuganir, þá hafa borgaryfirvöld ekki getað komið fram með mat sem réttlætir að sameining verði keyrð í gegn á grundvelli faglegra sjónarmiða. Borgarfulltrúar hafa ítrekað slegið því fram að þetta hafi "líklega" jákvæð áhrif á tiltekna þætti og að ekki sé hægt að útiloka að sameiningin hafi neikvæð áhrif á aðra þætti.

Reykjavíkurborg hefur talið að samráð hafi verið við foreldra og íbúa í umræddum hverfum vegna sameiningarinnar. Foreldrar telja hins vegar að svo hafi alls ekki verið, auk þess sem lítil og ómarkviss vinna hafi verið unnin í stýrihóp. Fulltrúar foreldra hafa sagt sig úr þessum stýrihóp í mótmælaskyni og óvísst er um hlutverk hans nú.

Enn sem komið er virðist ekki mikil andstaða við sameininguna í Foldaskóla, enda liggur fyrir að hún bitnar síður á þeim börnum sem eru þar fyrir. Eftir stendur að yfirgnæfandi meirihluti foreldra í Hamra- og Húsaskóla er fullviss um að þessi sameining er ekki nægilega ígrunduð og ætti því ekki að fara fram.

Einhverra hluta vegna hefur meirihluti borgaryfirvalda bitið í sig að sameiningin skuli knýjast áfram með hraði, þrátt fyrir að komið hafi í ljós að: i) hinar upphaflegu og aðal forsendur fyrir sameiningunni hafi ekki staðist; ii) foreldrar barna í Hamra- og Húsaskóla séu nánast alfarið á móti sameiningunni; og iii) að ekki liggi fyrir mat á þeim faglegu sjónarmiðum sem hún á að byggjast á.

II. Lagaleg rök fyrir kröfu um úttekt ráðherra

i) Aðild að kröfu til ráðherra um úttekt og íhlutun og ákvæði grunnskólalaga

Ráðuneytið hefur áður komist að þeirri niðurstöðu í borgarstjórabréfinu að skólaráð eigi skýran umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á skólastarfi og aðrar áætlanir um skólalag áður en endanleg ákvörðun er tekin. Skólaráð Hamraskóla og Húsaskóla höfðu sameiningartillögum í umsagnarferlinu. Sú niðurstaða byggðist m.a. á könnunum sem gerðar voru meðal foreldra skólanna þar sem mikill meirihluti var andvígur sameiningu. Foreldrafélögin (sem hagsmunasamtök foreldra) telja sig því eiga lögformlega aðild að kröfu til mennta- og menningarmálaráðherra um að ráðherra láti fara fram formlegt mat á því hvort sameiningin sé í samræmi við lög. Foreldrar og foreldrafélögin hafa ítrekað bent á að rök fyrir sameiningunni væru ekki að ganga upp. Þá hafa borgarfulltrúar meirihlutans komið fram með breyttar áherslur í rökstuðningi

sínum fyrir sameiningunni eftir að sameiningaráformin voru formlega kynnt til umsagnar. Aðaláherslan er nú á mikilvægi faglegra raka sem sett eru fram án þess að baki þeim liggi ítarlegar athuganir og rannsóknir óháðra aðila sem geta stutt þau enda hafa borgarfulltrúar kosið að fullyrða ekki meira um þau en svo að "líklega" eða "hugsanlega" eigi þau við. Við teljum að slík stjórnsýsla geti ekki staðist grunnskólalög, stjórnsýslulög og sé andstæð góðum stjórnsýsluháttum.

Meirihluti borgarstjórnar hefur ekki tekið til greina beiðni foreldra um að hætta við sameininguna eða fresta henni á meðan grundvöllur hennar er athugaður nánar. Þeim er því nauðugur sá kostur einn að leita á náðir ráðherra í þessum efnunum á grundvelli stjórnsýslulaga og ákvæða grunnskólalaga um yfirstjórn ráðherra á þessum málaflokki og að ráðherra hafi eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögnum.

ii) Ákvæði stjórnsýslulaga

Það er mat okkar að ákvörðun borgarstjórnar um sameininguna eigi undir stjórnsýslulög, enda sé í málinu búið að taka ákvarðanir er varðar rétt og skyldu manna sbr. 2. gr. stjórnsýslulaga og að stjórnsýsla í sameiningunni sé í veigamiklum atriðum ekki í samræmi við stjórnsýslulögin.

Í fyrsta lagi kveður *rannsóknarregla* 10. gr. stjórnsýslulaga á um að mál skuli vera nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Eins og fram kemur í erindi þessu þá liggja fyrir fullyrðingar borgarfulltrúa meirihlutans í Reykjavík að "líklega" eða "hugsanlega" geti sameiningin leitt til þess að hún verður eftir atvikum góð eða slæm fyrir börnin í umræddum hverfum. Ekki verður séð að nokkurt faglegt mat liggi á bak við þessi sjónarmið eða heildstæð fagleg greining á afleiðingum sameiningarinnar. Eins og áður er tekið fram þá þurfa þessi rök að veita ansi þungt og vera vel fram sett svo þau geti verið grundvöllur svo veigamikilla aðgerða, sérstaklega þegar fjárhagsleg rök eru lítil eða engin. Það væri því í andstöðu við rannsóknarreglu stjórnsýslulaga að keyra þetta mál í gegn núna að lítt athuguðu máli.

Í öðru lagi er málsmeðferðin í andstöðu við *meðalhöfsreglu* 12. gr. stjórnsýslulaga. Fyrir liggur að hægt er að ná flestum þeim sjónarmiðum fram sem borgarfulltrúar meirihlutans beita nú fyrir sig með mun einfaldari og vægari aðgerðum en lagt er upp með í sameiningunni (þó allar fullyrðingar um slíkt séu gerðar með fyrirvara um raunverulegt og faglegt mat á öllum valmöguleikum). Ef tilgangurinn er að ná fram betri skólum með aukinni sérhæfingu í kennslu, þá getur t.d. verið hæfilegt að láta hina sérhæfðu kennara fara á milli skóla. Eins mætti bjóða upp á öflugra sameiginlegt val í

skólunum en hafa ber þó í huga að skv. nýrri Aðalnámskrá hefur verið dregið úr vægi vals í námi á unglíngastigi. Ef tilgangurinn er raunverulega að spara jafnframt fjármuni og að slíkur sparnaður sé talinn algerlega nauðsynlegur og að honum verði eingöngu náð fram með því að fækka skólum, þá kann að vera að sá tilgangur náist betur fram með því að leggja alveg niður Foldaskóla þannig að allar bekkjæðildir skiptist á milli Hamra- og Húsaskóla. Sú aðgerð myndi hugsanlega skila meiri árangri auk þess að valda borgurum hverfana minna raski. Svona mætti lengi telja. Niðurstaðan er því sú að hinar fyrirhuguðu, veigamiklu og áhættusömu aðgerðir sameiningarinnar ganga miklu lengra en rök standa til og góðu hófi gegnir. Áform um sameininguna eru því í andstöðu við meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.

Í þriðja lagi verður ekki annað séð en að brotið sé á *jafnræði* barna í Hamra- og Húsahverfi, þar sem allur meginþungi sameiningarinnar bitnar á þeim en ekki börnum í Foldaskóla. Þegar fjárhagsleg og fagleg sjónarmið þrýtur þá má jafna þeirri mismunun við þau tilvik sem talin eru upp í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga og þau sjónarmið sem að baki ákvæðinu býr.

III. Lokaorð

Með hliðsjón af framansögðu telja undirrituð fyrir hönd foreldra barna í Hamra- og Húsaskóla einsýnt að brýn þörf sé á að ráðherra grípi inn í aðstæður áður en í óefni er komið og nýti sér heimildir til úttekta og matsgerða, auk þess að sjá til þess að stjórnarsýsluferlið sé allt í samræmi við grunnskólalög, stjórnarsýslulög og góða stjórnarsýsluhætti.

Að lokum skal ítrekað að brýnt er að ráðherra hlutist til um að sameiningin verði ekki keyrð í gegnum stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar án ítarlegs og faglegs undirbúnings. Ef af sameiningunni verður þá er hún vart endurkræf.

Í umboði foreldrafélags Hamraskóla

Fyrir hönd foreldrafélags Húsaskóla
